

4 þeirra nemur, til styrkveitinga næsta ár, umfram þann hluta af vöxtum þess
2. jan. árs, sem ætlaður er til styrkveitinga. Reikningur sjóðsins skal birtur 5. hvert ár
í Lögbirtingablaðinu eftir að farið er að úthluta styrkjum. Reikningsár sjóðs-
ins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, ber stjórn sjóðsins að færa bók yfir
eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Sjóðstjórnin skal ennfremur halda gerða-
bók og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum, fundarsamþykktir
og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Seyðisfirði, 2. desember 1935.

Í stjórn kvenfélags Seyðisfjarðar.

Sigríður Jensdóttir,
v.formaður.

Anna M. Jónsdóttir,
gjaldkeri.

Anna S. Þórarinsdóttir,
v.ritari.

5

13. jan.

REGLUGERÐ um bindindisfræðslu.

Samkvæmt 23. gr. áfengislaga nr. 33, 9. janúar 1935, er hér með sett eftir-
farandi reglugerð:

1. gr.

Bindindisfræðsla er hverskonar fræðsla um eðli áfengra drykkja og áhrif
þeirra á mannlegan líkama og sálarlíf og fræðileg útskýring þeirra áhrifa, sem
áfengisnautn hefir á þjóðfélagið í heild sinni, ennfremur lýsing og skilgreining
á þeim leiðum, sem reyndar hafa verið til útrýmingar áfengisnautn, og frásögn
um baráttuna gegn áfengi utanlands og innan.

2. gr.

Bindindisfræðsla (sbr. 1. gr.) skal fara fram í öllum skólum ríkisins og öðr-
um skólum, er styrks njóta úr ríkissjóði.

3. gr.

Tilgangur bindindisfræðslunnar er:

- a) að fræða nemendurna um eðli áfengra drykkja, áhrif þeirra á einstaklingana
og þjóðlífið í heild sinni,

- b) að draga svo sem verða má úr þeirri hættu, sem áfengisnautninni er samfara, 5
 c) að benda á leiðir til þess að firra þjóðfélagið því böli, er leiðir af áfengis- 13. jan.
 nautn, og skýra frá starfsemi í því skyni fyrr og nú.

4. gr.

Bindindisfræðslan skal vera hlutlæg (objektiv), fara fram eftir áreiðanleg- um heimildum og vera hlutlaus um stjórnsmál.

Áherzlu ber að leggja á mikilvægi bindindissemi um áfengi.

Kennslunni skal haga eftir þroska nemendanna. Í lægri skólum ber að leggja sérstaka áherzlu á áhrif áfengisnautnar á einstaklingana og heimilin, en í æðri skólum skal einkum stefnt að því, að gera nemendunum skiljanlegt hið margháttaða þjóðfélagsböl, er leiðir af áfengisnautn.

5. gr.

Kennsla um áfengi skal fara fram í sambandi við þessar námsgreinar: heilsufræði, líffræði, líffærafræði, íþróttir, félagsfræði, náttúrufræði, siðfræði, t. d. í sambandi við kristin fræði, efnafræði, áttthagafræði og sagnfræði.

Í kennaraskólanum skal sérstaklega lesa með kennaraefnum handbók kennara í áfengisfræði, til þess að búa þá sem best undir fræðslustarfsemi á þessu sviði.

Kennslumálaráðuneytið annast um, að út verði gefin sem fyrst handbók kennara í áfengisfræði og að á boðstólum verði önnur kennslutæki og gögn, sem áfengismálaráðunautur telur nauðsynleg, til þess að bindindisfræðslan komi að sem bestum notum, svo sem línurit eftir hagskýrslum, myndir af líffærum ofdrykkjumanna og af heilbrigðum líffærum o. s. frv.

Kennslumálaráðherra löggildir hér eftir þær einar kennslubækur í þeim námsgreinum, sem taldar eru í 5. gr., er á viðeigandi hátt fullnægja þeim kröfum um bindindisfræðslu, sem gerðar eru í reglugerð þessari, og getur hann leitað álits áfengismálaráðunauts um þetta atriði.

6. gr.

Kennarar ríkisskóla og annara skóla, sem styrks njóta úr ríkissjóði, skulu gefa nemendum sínum gott eftirdæmi um bindindi um áfengi.

Skólastjórar og skólanefndir skulu ganga ríkt eftir því, að kennarar ríkisskóla og annarra skóla, sem styrks njóta úr ríkissjóði, hneyksli hvorki nemendur sína né aðra með drykkjuskap.

7. gr.

Fræðslumálastjóri skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að bindindisfræðsla fari fram í skólunum, svo sem lög mæla fyrir, og að þau rit og kennsluáhöld séu til í hverjum skóla, sem áfengismálaráðunautur álitur nauðsynleg, til þess að kennslan komi að sem bestum notum. Áfengisvarnanefndir skulu vera hér til aðstoðar fræðslumálastjóra. Áfengismálaráðunaut ber að vekja athygli kenn-

5 aranna á öllum nýjungum í vísindalegri áfengisfræði og kennslutilhögun í henni.
13. jan. Í sambandi við bindindisfræðslu þessa skal kennt um eðli og áhrif tóbaks og kaffi.

8. gr.

Fræðslumálastjóri skal senda reglugerð þessa öllum skólanefndum, fræðslu-
nefndum og skólaráðum í landinu, ennfremur öllum skólastjórum, til útbýt-
ingar meðal kennara í landinu.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 13. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

6

REGLUR

20. jan.

um kynblöndun íslenzkra nautgripa og galloway-nautgripa.

1. gr.

Heimilt er eiganda galloway-nauts að nota það til kynblöndunar með íslenzk-
um kúm, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglum þessum.

2. gr.

Ala má kvígukálfa undan nautinu og endurtaka kynblöndunina milli nauts-
ins og kvigna undan því í annan ættlið, en ekki má halda umræddum kúm undir
naut af íslenzku kyni.

3. gr.

Alla tarfkálfa, er fæðast undan galloway-nauti, skal gelda í síðasta lagi áður en
þeir verða 6 mánaða. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu
eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um meðferð gripa þessara eftir
ákvæðum 4. greinar.

Alla kálfa af galloway-kyni skal merkja, þegar þeir fæðast, á þann hátt,
er Búnaðarfélags Íslands ákveður.

4. gr.

Nú á einhver galloway-naut eða hefir fengið undanþágu samkvæmt 3. gr.,
og skal hann þá einangra umræddan grip svo, að fóðra hann í húsi eða hafa hann
í girðinu, sem telst örugg að dómi hreppstjóra. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef slíkur
gripur sleppur úr gæzlu. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um kynblendingsnaut
og hreinkynja galloway-naut.